

**Sp. 84. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]**

um aðgerðir vegna lausaskulda útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafurða.

Flm.: Björn Pálsson, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á efnahag og lausaskuldum einstaklinga og fyrirtækja, sem útgerð reka, og vinnslustöðva sjávarafurða. Að fengnum nauðsynlegum upplýsingum felur Alþingi ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga þess efnis, að lausaskuldum útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslustöðva verði breytt í föst lán með hóflegum vöxtum. Gerist þess þörf, skulu skuldaskil framkvæmd hjá þeim aðilum, sem óhjákvæmilega hafa þess þörf vegna óhagkvæms efnahagsástands. Löggjöf þessi skal við það miðuð að gera sæmilega reknum útgerðarfyrirtækjum og vinnslustöðvum kleift að starfa áfram á fjárhagslega heilbrigðum grundvelli.

**Greinargerð.**

Þingsályktunartillaga þessi er flutt í sambandi við frv. til l. um tímabundinn greiðslufrest á skuldum útgerðarmanna, útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafila, sem við höfum flutt í neðri deild Alþingis, og vísað til greinargerðar, sem því frv. fylgir.